

Sál 203

Almennt

Viðhorf til barna og uppeldis, láta þau velta fyrir sér hvernig hafa þau breyst, hvernig halda þau að þau muni breytast á næstu 50 árum.

Show and tell, koma með eitthvað úr bernskunni og segja frá því í tíma og skrifa lítinn texta.

Fjölmiðlar og þroskasálfræðin, láta þau leita að greinum eða annarri umfjöllun í fjölmiðlun og skila nokkrum slíkum, einnig hægt að byrja áfangann á að láta þau leita að alls kyns heimildum, í bókum og á bókanámskeiði og læra þannig á hvar leita má sér upplýsinga í áfanganum.

Allir koma með mynd af sjálfum sér sem barni, myndirnar skannaðar inn og settar á plakat, þau látin giska hver er hver. Þau hafa mjög gaman að þessu.

Þroskasagan mín. Stutt úttekt á sinni þroskasögu. Hægt að tengja við t.d. uppeldisaðferðir seinna í áfanganum, leiðandi, skipandi og eftirlátir.

Rætt og skorað: umræðuhópar þar sem tekist er á við álitamál í þroskasálfræðinni og „stýrð“ umræða fer fram, þau fá t.d. stig fyrir að koma með rök, spyrja spurninga, fá aðra með í leikinn, en frádrátt fyrir t.d. að grípa fram í, vera ómálefnaleg eða gera lítið úr skoðunum annarra. **Eyðublað** (sjá verkefni 1) og **Dæmi um umræðuefni** (sjá verkefni 2)

Ríkisstjórnin leitar til þín, nú á að halda námskeið fyrir alla nýja foreldra og þú ert fenginn til að stjórna verkefninu. Hvað á að kenna á þessu námskeiði? Hvað er það mikilvægasta? Setja upp, hugsanlega á plakat, á vefsíðu, til kynningar fyrir bekknum.

Vefleiðangur: um börn, krísusögur um aðstæður, t.d. ófrísk unglingsstúlka leitar til þín með áhyggjur sínar, hvað ráðleggur þú henni og hvaða leiðir eru færar, annað dæmi að þú ert að fara vinna á BUGL og þarft að koma þér inn í málin. Vinna með alls konar raunveruleg viðfangsefni og siðferðisleg álitamál.

Skiptir máli fyrir persónuleikann hvar í systkinaröðinni fólk er? (**Verkefni 3**)

Líkamsþroskinn

Alvöru vaxtarferlar 3ja barna, mjög breytilegir, einn fyrirburi, eitt mjög stórt barn og eitt meðal. Þau merkja inn á vaxtalínurit. Skoða svo staðalfrávik og hvaða upplýsingar þau gefa okkur. **Raunverulegar tölur** (sjá verkefni 4)

Finna sér barn í byrjun og fá að fylgjast með því á önninni og skoða þroskabreytingarnar. (hæð, þyngd, málþroski eða annað? fer auðvitað eftir aldri barnsins)

Greind og vitsmunir

Velja sér tvö börn á ólíkum aldri og skoða út frá hugmyndum Piaget, varðveisluskilningur o.fl.

Skoða greindarpróf á netinu.

Mál og máltaka

Sendu þau út að tala við börn, greina t.d. algengar málvillur sem þau gera á tilteknum aldri, e.t.v. fara í byrjun annar og svo aftur í lok annar, gá hvort einhverjar breytingar hafi orðið

Safna sjálfur eða láta þau safna gullkornum barna, leita sérstaklega eftir málfarslegum villum og skemmtilegum orðskilningi barna, misskilningi!

Félagsmótun

Skoða fjölskyldustefnu stjórnvalda, þarf að fræða foreldra? Þarf að styðja öðruvísi við íslenskar barnafjölskyldur?

Geðtengsl og tilfinningar

Ræða um mikilvægi þess að huga að því að mynda geðtengsl frá fyrstu stundu, nýir foreldrar fá litla fræðslu um þetta. Sænsk fræðslumynd til (?Sigrún) sem sýnir fram á hversu snemma eftir fæðingu hægt er að ná fram viðbrögðum frá börnunum.

Ræða um föðurhlutverkið

Geðraskanir barna og unglunga

ADHD DSM flokkunarkerfið, fara yfir í skólakerfið og skoða hvernig skólakerfið getur komið til móts við þarfir þessarra barna út frá hegðun og alhliða þroska. Líka hægt að skoða þetta út frá fjölskyldunni, hvernig getur fjölskyldan brugðist við og hvernig má hjálpa.

Verkefni 1

Menntaskólinn við Hamrahlíð
Harpa Hafsteinsdóttir

Sál 203

RÆTT OG SKORAÐ MATSBLAÐ FYRIR UMRÆÐUR

Nafn þátttakanda: _____

Fylgist vel með umræðunum og merkið í viðeigandi línu **í hvert sinn** sem ykkur finnst það eiga við um „ykkar“ þátttakanda. Það má alveg merkja oft við það sama

Jákvæðir þættir

Neikvæðir þættir

Stig		Stig	
(2)	Tekur afstöðu til efnisins _____	(-2)	Kemur með óviðeigandi athugasemdir _____
(1)	Kemur með ábendingu sem við á _____	(-2)	Grípur fram í fyrir öðrum _____
(2)	Notar rök til að styðja staðhæfingu eða leggur fram staðreyndir _____	(-1)	Fylgist ekki með umræðunum _____
(1)	Fær aðra til að taka þátt í umræðunum _____	(-2)	Einokar umræðurnar _____
(2)	Kemur umræðunum á skrið með nýju sjónarhorni eða spurningu _____	(-2)	Leiðir umræðuna út af sporinu _____
(2)	Kemur með samlíkingu _____	(-3)	Kemur með niðrandi athugasemdir um aðra, persónulegar árásir _____
(2)	Kemur auga á mótsögn _____	(-2)	Tekur ekki þátt í umræðunum _____
(1)	Tekur eftir athugasemd sem á ekki við _____		

Stig samtals _____

Verkefni 2

Menntaskólinn við Hamrahlíð
Harpa Hafsteinsdóttir

Sál 203

RÆTT OG SKORAÐ HUGMYNDR AÐ UMRÆÐUEFNUM

Þið megið velja hvert sem er þessara umræðuefna, koma með ný sjónarhorn á þau efni sem stungið er upp á hér eða finna einhver alveg ný.

1. Ef tryggt væri að hægt væri að komast að afar mikilvægum niðurstöðum um þroska barna með því að taka nokkur umkomulaus börn og nota í rannsóknum sem myndu líklega skaða andlegan þroska þeirra nokkuð, væri það réttlætunlegt? Rök með og á móti!
2. Er gott fyrir börn að alast upp á Íslandi? Er það betra eða verra fyrir þau að alast upp hér heldur en annars staðar í heiminum? Hvers vegna?! Hvað er sérstaklega gott við íslenskt umhverfi og hvað er slæmt? Hvernig mætti bæta aðstæður barna hérlendis?
3. Foreldrar sem óska eftir að ættleiða börn þurfa að ganga í gegnum ítarlegar athuganir á hæfni þeirra til að búa barni þroskavænleg skilyrði. Er það eðlilegt? Ættu aðrir foreldrar að þurfa þess líka? Ættu allir foreldrar að þurfa að fara á námskeið í barnauppleidi? Eru allir hæfir til að verða foreldrar?
4. Bandaríski sálfræðingurinn John B. Watson sagði eitt sinn:

„Fáið mér tylft heilbrigðra og vel skapaðra hvítvoðunga og mitt sérhæfða umhverfi til að ala þau upp í og ég ábyrgist að ég get tekið hvert þeirra af handahófi og gert að þeim sérfræðingi sem ég kys - lækni, lögfræðingi, listamanni, kaupmanni, og já jafnvel betlara og þjóf, óháð eiginleikum hans, tilhneigingum, hæfileikum, starfi og kynþætti foreldra hans“

Haldið þið að þetta sé framkvæmanlegt? Rökræðið!

Verkefni 3

Veldu þann hóp sem lýsir þér best. Ekki líta aftan á blaðið.

Hópur 1

- félagslyndur
- sannfærandi
- léttur í skapi
- nýtur þess að vera miðpunktur athyglinnar
- óþolinmóður
- skapmikill
- ábyrgðarlaus
- stundum háður öðrum

Hópur 2

- áreiðanlegur
- samviskusamur
- treystir á sjálfan sig
- á auðvelt með að einbeita sér
- góð sjálfstjórn
- nær góðum árangri í verkefnum sínum
- fullkominunarsinni (perfectionist)
- gagnrýninn á aðra
- þolir illa þegar aðrir standa sig ekki

Hópur 3

- mikil félagshæfni
- góður í að miðla málum
- skapandi og opinn fyrir nýjungum
- á til að leyna hlutum fyrir öðrum
- heldur fólki í ákveðinni fjarlægð
- þrætugjarn, jafnvel uppreisnargjarn
- viðkvæmur
- erfitt með að tjá tilfinningar

Hópur 4

- sjálfsöruggur
- fullkominunarsinni
- skipulagður
- alvarlegur
- íhaldsamur
- treystir á sjálfan sig
- metnaðargjarn

Hver hópur lýsir dæmigerðum eiginleikum með tilliti til systkinaraðar.

Hópur 1

Yngsta barn

Hópur 2

Einbirni

Hópur 3

Miðjubarn

Hópur 4

Elsta barn

Verkefni 4

Raunverulegar tölur til að merkja inn á vaxtarferil

Barn 1, stelpa:

Þyngd:

Fæðing = 2000 g
3 mán = 4800 g
6 mán = 6750 g
9 mán = 8000 g
12 mán = 8950 g
15 mán = 10 050 g
18 mán = 11 100 g
2ja ára = 13 000 g
2 ½ árs = 15 000 g
3 ½ árs = 17 500 g
5 ára = 20 600 g

Hæð:

Fæðing = 42 cm
3 mán = 55,2 cm
6 mán = 63 cm
9 mán = 68,3 cm
12 mán = 72 cm
15 mán = 75,5 cm
18 mán = 80 cm
2ja ára = 87 cm
2 ½ árs = 94 cm
3 ½ árs = 102 cm
5 ára = 115 cm

Barn 2, strákur:

Þyngd:

Fæðing = 4500 g
3 mán = 7740 g
6 mán = 9100 g
9 mán = 10 555 g
12 mán = 11 350 g
18 mán = 13 200 g
3 ½ árs = 16 400 g
5 ára = 21 000 g

Hæð:

Fæðing = 52 cm
3 mán = 63,5 cm
6 mán = 69,5 cm
9 mán = 76 cm
12 mán = 77 cm
18 mán = 87 cm
3 ½ árs = 99 cm
5 ára = 111 cm

Barn 3, strákur:

Þyngd:

Fæðing = 3770 g
3 mán = 7265 g
6 mán = 9000 g
9 mán = 11490 g
12 mán = 11 900 g
15 mán = 12 200 g
18 mán = 12 860 g
3 ½ árs = 17 000 g
5 ára = 22 900 g

Hæð:

Fæðing = 51 cm
3 mán = 64 cm
6 mán = 69 cm
9 mán = 74,5 cm
12 mán = 78 cm
15 mán = 83,5 cm
18 mán = 88 cm
3 ½ árs = 98 cm
5 ára = 112 cm